

Reglur um fjárstýringu hjá Byggðastofnun

1. Markmið og gildissvið

- Reglur þessar taka til fjárstýringar Byggðastofnunar.
- Fjárstýring Byggðastofnunar skal byggja á lögum og reglum sem gilda um stofnunina.
- Fjárstýringin skal taka mið af ábyrgri og styrkri fjármálastjórn.
- Fjárstýring skal tryggja að Byggðastofnun eigi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar sínar. Fjárstýring skal auk þess lágmarka fjármagnskostnað og hámarka ávöxtun lausafjár í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni með virkri lána- og lausafjárstýringu.
- Fjárstýringin skal taka mið af samþykktari rekstra- og starfsáætlun Byggðastofnunar. Við gerð fjárhagsáætlunar skulu afborganir lánveitinga standa undir afborgunum langtímaskuldbindinga.
- Fjárstýring skal taka mið af áhættustefnu Byggðastofnunar.

2. Ábyrgð og verkaskipting

- Stjórn Byggðastofnunar fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum stofnunarinnar. Stjórn felur forstjóra ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar.
- Stjórn fer með eftirlit með fjárstýringu stofnunarinnar. Stjórn staðfestir reglur um fjárstýringu og mælikvarða og árangursmarkmið vegna fjárstýringar í áhættustefnu Byggðastofnunar.
- Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmd fjárstýringar og stjórnarsýslu henni tengdri.
- Forstöðumaður rekstrarsviðs hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun Byggðastofnunar í umboði forstjóra þ.m.t. fjárstýringu.
- Forstöðumaður rekstrarsviðs gerir áætlun um fjárþörf stofnunarinnar.
- Umsjónarmaður áhættustýringar leggur reglulega fyrir stjórn skýrslur um framkvæmd lausafjárstýringar.

3. Meginreglur

- Gera skal greiðsluáætlanir til 12 mánaða í senn og til allt að 5 ára. Stýra skal lausu fé með þeim hætti að alltaf sé fyrir hendi nægt laust fé til að mæta skuldbindingum. Sé fyrirséður skortur á lausu fé skal óska heimildir til skammtímalántöku en sé umfram fé skal koma því í ávöxtun í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni.
- Heimildir til ávöxtunar takmarkast við 16. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999 sem segir: „*Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparisjóðum eða tryggum verðbréfum.*“
- Óska skal eftir lántökuheimild á fjárlögum hverju sinni í samræmi við greiðsluáætlanir.

3.1 Reglur um lausafjárstýringu

- Forstöðumanni rekstrarsviðs er heimilt án sérstaks samþykkis stjórnar, að fjárfesta í innlánsreikningum í krónum og erlendum myntum, peningamarkaðsinnlánnum, sjóðum sem fjárfesta í innlánnum og ríkisverðbréfum og verðbréfum með ríkisábyrgð. Fjárfestingar í hlutabréfum á almennum markaði, skuldabréfum fyrirtækja og erlendum verðbréfum eru óheimilar.
- Forstöðumaður rekstrarsviðs skal kynna stjórn reglulega allar ákvarðanir í lausafjárstýringu.



3.2 Stýring lánskjara

- Forstöðumanni rekstrarsviðs er heimilt án sérstaks samþykkis stjórnar að endursemja um kjör lána eða eftir atvikum myntsamsetningu erlendra lána á grundvelli endurskoðunarákvæða þeirra. Þessi heimild nær til þess að segja upp láni skv. ákvæðum lánssamnings og endurfjármagna á hagstæðari hátt. Slík ráðstöfun skal kynnt stjórn.
- Tillögur forstöðumanns rekstrarsviðs um nýjar lántökur skulu ávallt lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Sama ferli á við ef lánskjör eru endurskoðuð í lánasamningum sem gera ekki ráð fyrir endurskoðun lánskjara.
- Forstöðumanni rekstrarsviðs er óheimilt að gera gjaldmiðlaskiptasamninga eða aðra afleiðusamninga nema með sérstakri heimild stjórnar

4. Skýrslugjöf

- Umsjónarmaður áhættustýringar ber ábyrgð á skýrslugjöf um fjárstýringu Byggðastofnunar til stjórnar sem skal birtast í ársfjórðungslegum áhættuskýrslum til stjórnar.
- Skýrslugerð til stjórnar skal gefa reglubundna og staðgóða mynd af:
 - Fjármögnun Byggðastofnunar
 - Stöðu lána, vaxtakjörum og áhættumati
 - Lausafjárstöðu Byggðastofnunar, árangri ávöxtunar og áhættumati
 - Árangri fjárstýringar

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 22. maí 2020.